

Heiðursviðurkenningar íþróttaráðs 2020

Í ár veitir íþróttaráð 3 einstaklingum Heiðursviðurkenningu ráðsins fyrir framlag þeirra til íþróttá- og æskulýðsmála í Kópavogi.

Ég vil byrja á því að biðja Gunnar Jónsson að stíga hér upp á svið og taka við viðurkenningu íþróttaráðs

Allt frá aldamótum hefur Gunnar Jónsson unnið óeigingjarnt starf í þágu íþróttá- og æskulýðsstarfs fyrir Golfklúb Kópavogs og Garðabæjar. Hann var formaður barna- og unglinganefndar, síðar íþróttanefndar, allt frá upphafi stjórnarsetu sinnar. Á þeim tíma hefur hann unnið þrotlaust starf til eflingar barna-, unglinga- og afreksstarfs GKG.

Gunnar sagði af sér formennsku íþróttanefndar árið 2019 og skilaði góðu búi. Til marks um það starf sem Gunnar hefur skilað af sér, þá er GKG nú í fremstu röð golfklúbba landsins hvað afrek varðar. Félagið státar af lang fjölmennasta iðkendafjölda barna og unglinga í golfi á Íslandi, og reyndar um heim allan.

Auk vinnu sinnar fyrir barna- og unglingastarf þá hefur Gunnar skilað ómældri og mikilvægri vinnu fyrir GKG, í undirbúningi og þróun undanfarin ár til eflingar aðstöðu og aðbúnaðs allra félagsmanna, þjálfara og starfsfólks.

Það er íþróttaráði því sönn ánægja að veita Gunnari Jónssyni Heiðursviðurkenningu íþróttaráðs fyrir framlag sitt til golfíþróttarinnar í Kópavogi.

Nú vil ég biðja þau Hafstein Örn Guðmundsson og Aldísi Gunnarsdóttur að koma hér upp á svið.

Hafsteinn Örn Guðmundsson og Aldís Gunnarsdóttir hafa starfað fyrir Dansfélagið Hvönn síðastliðinn aldarfjórðung. Þau létu af störfum fyrir félagið 20. desember síðastliðinn.

Aldís og Hafsteinn tóku þátt í því brautryðjenda starfi að stofna fyrsta dansíþróttafélagið á Íslandi innan ÍSÍ sem var Dansfélagið Hvönn. Það ár var dansíþróttin tekin undir hatt ÍSÍ og viðurkennd sem íþrótt. Hafsteinn hefur starfað sem formaður félagsins frá byrjun, og Aldís sem gjaldkeri og framkvæmdastjóri. Óhætt er að segja að þau Aldís og Hafsteinn hafi borið hitan og þungan af því að gera Dansfélagið Hvönn að einu öflugasta dansfélagi landsins til margra ára.

Félagið hóf starfsemi sína innan Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar árið 1995, en varð fljótlega eftir það sjálfstætt íþróttafélag. Aðsetur félagsins voru lengi vel í Digranesi og Íþróttahúsi Kópavogsskóla, síðar í Kórnum og frá og með haustinu 2020 í nýju uppgerðu húsnæði í Ögurhvarfi 4a. En það var einmitt síðasta stóra verkefni þeirra hjónanna að skila félaginu þangað.

Það er íþróttaráði sönn ánægja að veita þeim Hafsteini Erni Guðmundssyni og Aldísi Gunnarsdóttur Heiðursviðurkenningu íþróttaráðs fyrir framlag þeirra til dansíþróttarinnar í Kópavogi.

Til hamingju.